

Námsgrein: Stærðfræði

5.bekkur

Tíma fjöldi á viku: 4-5klst

Kennarar: Berglind Pétursdóttir og Sylvía Smáradóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsgreinið verður kennt eftir köflunum í stærðfræðibókunum. Við upphaf hvers kafla verður innlögn á námsefni sem taka á fyrir í kaflanum, nemendur fá áætlun þar sem fram kemur hvaða dæmi á að reikna í hverjum kafla. Nemendur vinna eftir áætlun hver á sínum hraða. Auka verkefni munu verða notuð af og til yfir veturinn sem tengjast þá námsefninu sem er í kaflanum.

Námsmat: Að loknum hverjum kafla munu nemendur taka könnun eða vinna verkefni sem metið er til lokaeinkunnar ásamt vinnu í bókinni.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar:
Læsi	Talnalæsi, hugtakalæsi og að nemendur verði læsir á stærðfræði daglegs lífs.
Sjálfbærni	Þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.
Heilbrigði og velferð	Að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda. Með fjölbreyttum vinnubrögðum er nemendum gefið tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
Lýðræði og mannréttindi	Einstaklingsmiðað nám. Virkar samræður og rökræður um námsþætti hverju sinni.
Jafnrétti	Að allir nemendur eiga að fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Einnig að þeir taki virkan þátt í að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti og réttlæti. Einstaklingsmiðað nám.
Sköpun	Að vinnubrögð einkennist af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Ýmsar aðferðir notaðar til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir og töflur.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Heilartölur	Stika 1a kafli 1 (bls. 5-45)	- Getur leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja og fjögurra stafa tölum. - Kann sätiskerfið og getur skipt tölum í einingar, tugi, hundruð og þúsund. - Getur staðsett tölur á talnalínu, bæði plús og mínus. - Getur reiknað dæmi úr daglegu lífi með reikniaðgerðunum fjórum.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.
Tölfræði	Stika 1a kafli 2 (bls.46-61)	- Þekkir miðgildi. - Þekkir tíðasta gildi. - Þekkir meðaltal. - Getur lesið úr súluritum og unnið með niðurstöðum.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.
Tugabrot	Stika 1a kafli 3 (bls.62-93).	- Þekkir tíunda hluta; raðar og staðsetur á talnalínu. - Getur námundað að næstu heilli tölu. - Getur lýst og haldið áfram með einföld talnamynstur. - Getur lagt saman og dregið frá með tugabrotum.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.
Rúmfræði	Stika 1a kafli 4 (bls 94-128)	- Þekkir eiginleika og einkenni mismunandi forma. - Þekkir hugtökin; rétt, hvasst og gleitt horn. - Þekkir heiti þríhyrninga; rétthyrnda, jafnarma og jafnhliða. - Þekkir hugtökin; speglun, snúningur og hliðrun. - Þekkir heiti ferhyrninga.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.

Mælingar.	Stika 1b kafli 5 (bls.4-33).	• Getur breytt einni mælieiningu í aðra t.d. cm í mm. • Getur fundið flatarmál. • Getur fundið ummál. • Getur stækkað og minnkað myndir eftir mælikvarða.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.
Almenn brot	Stika 1b kafli 6 (bls.34-65).	• Þekkir almenn brot. • Getur lagt saman og dregið frá með samnefndum brotum. • Þekkir tengsl milli tíunda hluta sem tugabrota og sem almenna brota. • Þekkir hugtökin teljari og nefnari. • Þekkir prósentuhluta.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.
Marföldun og deiling.	Stika 1b kafli 7 (bls.66-97).	• Kann margföldunartöflunnar. • Þekkir tengsl margföldunar og deilingar. • Getur margfaldað tveggja stafa tölu. • Getur deilt í tveggja stafa tölu. • Getur leyst einföld orðadæmi; stærðfræði úr daglegu lífi.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.

Mynstur.	Stika 1b kafli 8 (bls.98-128).	• Getur hliðrað mynstur. • Getur speglað mynstur. • Getur snúið mynstri. • Tekur þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni, finnur lausnir og útskýrir þær, • Leysir einfaldar þrautalausnir.	Í lokin á hverri lotu er könnun eða verkefni upp úr því efni farið var yfir í lotunni.
----------	--------------------------------	---	--